

Fundur 9.12.2019 Gunnar Hjörvar.

Komið þið sælir.

Komdu sæll.

Gaman að heyra í ykkur gömlu félagar.

Já, velkominn.

Við höfum oft notið leiðsagnar og sambanda þeirra sem við ykkur talaði og þess mannkyns.

Og er það mjög í anda minna hugmynda og þeirra sem ég tala oft við, að efla Ísland og íslenskan landbúnað.

Og reyndi ég að ná sambandi við ykkur þegar þið hélduð fund síðast, en gat ég aðeins komið kveðju frá okkar gamla félagi sem við ykkur talaði þá, Hauki.

Já, ert þú Gunnar?

Gunnar, Gunnar.

Velkominn Gunnar.

Gaman að heyra í ykkur.

Já.

Vona að þið finnið hversu öflugur ég er orðinn hér í framlífi.

Já, það væri gaman að sjá þig.

Já, ég þykist nú geta magnað ykkur svolítið, þar sem erfiðara er æfinlega að ná upp orkunni við of langt komna í stilli orkunni.

Og mér finnst of langt síðan ég hef til ykkar talað og mér finnst að stilli aflinu hafi farið aftur og of langt sé á milli funda hjá ykkur.

Já, já við tökum undir það.

Ég hef svo oft talað við ykkur um áhugamál mitt sem er íslensk tunga og málrækt og minntist ég á það, gott ef ekki síðast er ég talaði við ykkur að ég væri með bók í smíðum.

Jú, jú.

Og nú eru þær orðnar tvær.

Það er ekkert annað.

En sama efni.

Já, já.

Til hamingju með það.

Já þakka þér fyrir vinur.

Hefur þú áhyggjur af íslenskri tungu?

Já, já, ég er ekki einn um það og við höfum einnig áhyggjur af framtíð Íslendinga á ykkar hnetti, ef svo má segja.

Er þetta ekki bara þróun?

Helstefnu þróun?

Já helstefnu þróun. Má ekki víkja út frá því sem Helgi Pjeturss hélt fram að íslenska þjóðin hefði hlutverki að gegna og tek ég heils hugar undir það sem hér hefur oft komið fram.

Veit ég ekki hvernig við getum stutt ykkur til dáða og aukinna áhrifa í þjóðfélaginu. En þykist ég viss um að gamlir Nýalssinnar séu enn þá sammála mér og aðrir sem á mig hlýða.

En það er mikill hugur í mönnum hér eins og oft áður og,

Enda eru þið flestir komnir yfir.

Og hefur það ekki orðið til þess að draga úr mönnum kjarkinn eða áhugann á þessum málum.

Kannski heldur margir komnir yfir og,

Það vantar alla nýliðun.

Já, það þýðir ekki að vera með bölmóð og barlóm. Erum þess full vissir að mál þetta eigi enn þá von um að fá framrás góðann meðal þjóðarinnar og heimsins alls.

Veit ég að þið þekkið mig ekki af öðru en bjartsýni félagar góðir.

Akkúrat.

Hvað finnst þér um áhrif Íslendinga í Afríku?

Það er til háborinnar skammar og slíkur smánarblettur má ekki verða til þess að þjóðin leggist í eynd og volæði.

Hvað segir þú?

Hvað getum við gert til þess að leiðrétta þetta?

Það þarf að sýna þjóðum heimsins að við tökum þetta alvarlega og refsum þeim mönnum sem af sér hafa gert.

Og setjum harðara regluverk þannig að slíkt endurtaki sig ekki og mætti ég bæta við, gegnsærra regluverk.

Þannig að það megi fylgjast með því þegar framkvæmdamenn og athafnamenn gerast sekir um smærri brot, því það væri flónska að gera ráð fyrir því að mannlegt eðli sé ekki samt við sig.

Og menn geti ekki gerst brotlegir á Íslandi eins og annars staðar.

En fyrir mestu er að þar til bærir rannsóknar aðilar eflist og fái fjármagn og tíma, tækifæri til að gera hreint fyrir sínum dyrum. Þjóðarinnar allrar í hag og það ríki trúnaðartraust.

Svona atburðir hafa neikvæð áhrif í langan tíma, því er mikilvægt að sýna að yfirvöldin taki þetta alvarlega.

Já ég hef nú ekki lagt fyrir mig stjórn málin og eru þó ýmsir í minni ætt hérna á minni jörð og ykkar megin sem hafa eitthvað dundað sér við það.

En hef ég alltaf áhuga á íslenskum málefnum og reyni stöðugt að fylgjast með því sem gerist hjá ykkur.

Vona að þetta hafi svarað?

Já, já, já takk fyrir.

Geti þið ekki ýtt á að þetta upplýsist.

Já það þarf að ýta á marga aðila, margar stofnanir og það er nokkuð mikið verk og það þurfa margir að taka við sér og leggja aukið fjármagn í þetta enn,

Gunnar er þetta ekki bara fyrsta. Samherjamálið er það ekki bara fyrsta skóflustungan úr skítahaugnum?

Jú, það má nú alveg taka undir það.

Ég veit ekki hversu stór hann er, hef áhyggjur af því.

Jaahá.

Er hann ekki jafn útgerðinni?

Nánast.

Pó yfir stöðum.

Já, það er víst ekki rétt að fara of langt út í þá sálma, við erum nú ekki kunnug öllum þessum málum en það eru ýmsar grunnsemdir allavega sem vakna, getum sagt það.

Og jú það hafa ýmsar sögur komið hér fram sérstaklega í gegnum þá sem eru komnir hingað.

Ýmsir sem hafa játað ýmislegt. En ég ætla nú ekki að verða til þess að kasta rýrð á það sem vel er gert.

Og það er þó mikilvægt að þetta verði ekki of þjóðhagslegt áfall.

Taka þetta í litlum bútum og einbeita sér að þessu fyrst en það er jú ýmislegt sem, víða pottur brotinn eins og sagt er.

En ég vildi að lokum senda kveðju frá ykkar ættingjum og margir sem þið hafið minnst á, sem vilja biðja að heilsa.

Takk fyrir það.

Faðir minn, öflugur að venju og hann vill gjarnan komast í sambandið við tækifæri.

Já.

Finnst mér mikilvægt að fá heyrnina að nýju.

Já er það ekki.

Já en ég verð víst að leyfa öðrum að komast að en alltaf gaman að heyra í ykkur.

En hérna Gunnar.

Já.

Fyrst þú ert þarna, þá máttu skila kveðju til Þorsteins Jónssonar á Úlfstöðum.

Já afa þíns.

Já.

Já, ég skal glaður gera það.

Já. Þætti vænt um það.

Já. Já, hann er hér nálægt og fylgist æfinlega vel með, já ég skal gera það.

Pakka ykkur kærlega fyrir sambandið og vona að ég komist aftur í samband.

Pakka þér fyrir Gunnar.

Verið þið sælir.

Blessaður.